

Sp. 486. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um verknámsskóla í járníðnaði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að stofnsettur verði í Reykjavík verknámsskóli í járníðnaði á grundvelli heimildar í 1. gr. laga um iðnskóla frá 1955. Skólinn skal taka til starfa eigi síðar en 1. okt. 1964.

Greinargerð.

Í 1. gr. laga um iðnskóla, sem gildi tóku 1. okt. 1955, segir svo: „Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, sem skólarnir hafa ráð á.“ Lagagrein þessi heimilar iðnskólum að útskrifa iðnsveina án þess, að þeir (sem iðnnemar) séu á námssamningi hjá iðnmeisturum eða iðnfyrirtækjum.

Iðnnemasamband Íslands hefur allt frá stofnun þess á árinu 1945 bent á nauðsyn verklegrar kennslu í iðnskólunum. Þá hafa þing Landssambands iðnaðarmanna gert samþykktir í þessa átt á undanförunum árum. Af þessu er ljóst, að áhugi er hjá báðum þessum aðilum fyrir því, að þessi þáttur iðnskólalaganna komi til framkvæmda. Flutningsmenn þessarar tillögu álíta því fyllilega tímabært að hrundið verði sem fyrst í framkvæmd stofnun verknámsskóla í járníðnaði, svo sem umrædd lagagrein heimilar.

Skólinn skal vera staðsettur í Reykjavík. Gert skal ráð fyrir, að í skólanum fari fram sem nemur 75% af iðnnáminu. Að skólanum loknum skulu nemendur stunda 1 árs nám hjá meistara, svo sem nú gerist, enda hljóti þeir ekki full réttindi eða ljúki sveinsprófi fyrr en að þeim tíma liðnum. Skulu laun þeirra hjá meistara miðast við, að þeir hafi í skólanum hlotið 75% af hæfni fullnuma sveins.

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir, að með vel skipulagðri kennslu í verknámsskólanum megi stytta heildarnámstímann um 1½ ár og tryggja nemunum þó mun betri menntun í iðninni en almennt gerist með núverandi námstilhögun. Í þessu sambandi má benda á, að gagnfræðastig verknámsins gefur 6 mánaða styttingu iðnnámsins, samkv. samþykkt iðnfræðsluráðs.

Það er skoðun flutningsmanna, að í framtíðinni eigi allt iðnnám að fara fram í slíkum verknámsskólum, en rétt sé að hefjast handa nú þegar með eina iðngrein og þá að sjálfsögðu þá, sem langflesta nema hefur.